



# Fréttabréf Naustaskóla

6. tölublað, 8. árgangur, 27. maí 2015

Abyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

## Skólaslit vorið 2015 verða föstudaginn 5. júní sem hér segir:

**Nemendur í 1., 3., 5., 7. og 9. bekk** mæti á sal skólans kl. 13:00.

**Nemendur í 2., 4., 6. og 8. bekk** mæti á sal skólans kl. 14:30.

Skólástjóri flytur stutt ávarp og að því búnu hitta nemendur umsjónar-kennara, taka við vitnisburði og fara í gegnum námsmöppur með forráðamönnum sínum. Forráðamenn eru því beðnir um að mæta á skólaslitin með börnum sínum.

**Nemendur í 10. bekk** mæta kl. 17:00 þar sem verður útskriftarathöfn 10. bekkjar. Foreldrar mæta að sjálfsgöðu með en aðrir fjölskyldumeðlimir eru einnig velkomnir.



## Kæra skólasamfélag

Hér er á ferðinni síðasta fréttabréf skólaársins og geymir það að venju upplýsingar um síðustu skóladagana hjá okkur í vor, starfsmannamál, skipan í kennsluteymi o.fl.

Dagskrá síðustu daga skólaársins er með hefðbundnu sniði þar sem við höldum vorhátíð, hlaupum til styrktar Unicef, höfum vorþemadaga, kíkjum í Kjarnaskóg og hristum saman nýja námshópa, allt eftir kúnstarinnar reglum. Sláum við þar með botninn í þetta ágæta skólaár, 6. starfsár Naustaskóla. Nú hefur verið ákveðið að leikskóladeildirnar Fífilbrekka og Sunnuhvoll verði staðsettar til frambúðar innan veggja Naustaskóla. Verður þeim fundinn framtíðarstaður þar sem nú er Frístund og tónmenntastofa og munum við af þeim sökum færa þá starfsemi til og endurraða námshópum inn í húsið í sumar, jafnframt sem unnið verður að breytingum á húsnæðinu vegna þessa. Frá og með haustinu munu því 1.-3. bekkur deila svæði á neðri hæð skólans, 4.-7. bekkir verða á efri hæðinni og unglíngastigið mun breiða úr sér á „sínu svæði“. Samtímis tökum við svo í notkun nýju starfsmannaálmuna og má þá segja að flest verði komið nokkurn veginn „á sinn stað“ í húsinu og að þar með ljúki þeim uppstokkunum og endurröðunum sem við höfum þurft að takast á við eftir því sem bæði hús og nemendahópur hafa vaxið og dafnað. Þá vantar bara íþróttahúsið og afganginn af lóðinni en það stendur til bóta á næsta ári. Um leið og við þökkum fyrir veturinn og kveðjum þá sem útskrifast og halda á braut bjóðum við nýja nemendur og nýtt starfsfólk velkomið til starfa og væntum mikils af samstarfinu í framtíðinni. Við sjáumst hress í haust eftir dásamlegt líf í sumar auðvitað!

Kærar kveðjur, Ágúst Jakobsson, skólástjóri

## Vorhátíð Naustahverfis 2015

Haldin fimmtudaginn 28. maí, í og við Naustaskóla

kl. 16:15 - 19:00

### Opið hús í Naustaskóla

- **Kaffihús á neðri hæð skólans**
  - Kaffi / safi / mjólk og vöflur
  - Fullorðnir / unglíngar 500 kr.
  - 6-12 ára 300 kr.
- Tombóla – 100 kr. miðinn
- Spákona



Allir velkomnir!!

### Afþreying í boði

- Andlitsmálning
- Hoppukastalar
- Prautabraut
- Stultur, kastveggur o.fl.
- Trúðar
- Kubbb, boccia o.fl. leikir
- Grillaðar pylsur - ókeypis :)

24.	25. Annar í hvítasunnu FRÍ	26. Starfsdagur Frístund opin	27. Soðið slátur, kartöflur, rófur og jafningur. Ávextir	28. Baunabuff, hrísgrjón, gúrka og sinnepsdressing. <b>VORHÁTÍÐ</b>	29. Hrísgrjónagrautur, slátur og salatbar. Ávextir. <b>Unicef - hreyfingin</b>	30.
31.	1. Síðasti "stunda- skrárdagurinn"	2. Vorþema 1.-5.b við skóla 6.-10.b í Kjarnaskógi Skóla lýkur kl. 13:00	3. Vorþema 6.-10.b við skóla 1.-5.b í Kjarnaskógi Skóla lýkur kl. 13:00	4. Dagur nýrra námshópa. Skóla lýkur kl. 13:00	5. Skólaslit Kl. 13:00 hjá 1,3,5,7,9 Kl. 14:30 hjá 2,4,6,8b Kl. 17:00 hjá 10.b.	6.

## Kennsluteymi næsta vetrar:

**1. bekkur:** Guðrún Inga (umsj.k), Gréta Björk (umsj.k), Halla Björg (þroskaþj.) og Birgitta (stuðn.fltr.)

**2.-3. bekkur:** Berglind (umsj.k), Elín (umsj.k), Kristín (umsj.k), Lilja (umsj.k), Sunna (umsj.k), Ingibjörg Jóna (stoðkennari) og Harpa Mjöll (stuðn.fltr.)

**4.-5. bekkur:** Kristín Margrét (umsj.k), Sigríður Jóna (umsj.k), Stefán Smári (umsj.k), Þóra Ýr (umsj.k), Hafdís (þroskaþj.), Alexander (stuðn.fltr.)

**6.-7. bekkur:** Andri (umsj.k), Kolbrún (umsj.k), Særún (umsj.k), Hulda (þroskaþjálfari), Heiða (stuðn.fltr.), Guðrún (stuðn.fltr.)

**8.-10. bekkur:** Aníta (umsj.k), Ása Katrín (umsj.k), Björn (umsj.k), Herdís (umsj.k), Magnús (umsj.k), Árni Hrólfulf (umsj.k), Agnes (stuðn.fltr.)

**List- og verkgreinar:** Brynja (tónmennt/sviðslistir), Helgi Valur (smíðar), Gyða (heimilisfræði), Halla (myndmennt), Valdís (textílmenn), Þórunn / Atli (íþróttir), Þórey (íþróttir, Þorsteinn (íþróttir)

*Skipting umsjónarkennara á árganga verður eins og sést hér að ofan. Við röðum nemendum hins vegar ekki niður á umsjónarkennara fyrr en í ágústmánuði.*



## Um námsmat

Á skólaslitum fá nemendur afhent námsmat fyrir skólaárið. Þar er um mismunandi útfærslu að ræða eftir árgöngum en 10. bekkur fær nokkuð "hefðbundið" námsmat í bóklegum greinum, í tölustöfum á kvarðanum I-10. Nemendur annarra árganga fá hins vegar námsmat með sama sniði og sl. vor, en þar er um að ræða yfirlit yfir stöðu nemandans miðað við þau námsmarkmið sem fengist hefur verið við, ásamt umsögn umsjónarkennara. Við minnum hins vegar á að vegar á að enn meiri upplýsingar má síðan nálgast í gegnum fjölskylduvef mentor, t.d. upplýsingar um ástundun, útkomu úr ýmsum prófum, lestrarhraða o.fl. en þetta má finna í verkefnabók nemenda á vefnum. Þá safnast fjöldi matsverkefna og upplýsinga saman í matsmöppur nemenda sem gott er að rýna í og skoða með nemendum sjálfum til að glöggva sig á stöðunni og setja ný viðmið fyrir framtíðina. Í raun má segja að í nútíma skóla sé námsmat orðið svo fjölbreytt að útilokað sé að gera því fullnægjandi skil á einu stöðluðu vitnisburðablaði og við erum því að nýta nokkrar leiðir til að koma upplýsingunum á framfæri. Við biðjum foreldra um að fylgja nemendum á skólaslitin því að þar verður boðið upp á möppuskoðun en þar gefst einnig tækifæri til að hitta umsjónarkennara og spyrja út í eða ræða hvaðeina sem foreldrum eða nemendum liggur á hjarta. Á skólaslitum mæta nemendur í fyrsta, þriðja, fimmta, sjöunda og níunda bekk kl. 13:00 en nemendur í öðrum, fjórða, sjötta og áttunda bekk kl. 14:30 og gera má ráð fyrir að skólaslitin taki um eina til eina og hálfu klukkustund hjá hvorum hópi.

## Starfsmannamál

Ráðnir hafa verið fjórir nýir kennarar að skólanum fyrir haustið. Það eru Helgi Valur (smíðar), Elín Hulda (2.-3.b.), Kristín Margrét (4.-5.b.) og Stefán Smári (4.-5.b.) Aníta mun snúa aftur til kennslu úr starfi námsráðgjafa en eftir er að ganga frá ráðningu í stöðu námsráðgjafa í hennar stað.

Þórunn íþróttakennari mun fara í fæðingarorlof með haustinu og færir Atli Sveinn sig þá í íþróttakennsluna. Sunna kemur hins vegar aftur til starfa að loknu fæðingarorlofi. Hér ☒ hliðar má sjá hvernig kennsluteymin verða skipuð hjá okkur næsta vetur.

Þeir starfsmenn sem eru að hætta hjá okkur eru Stefán kennari í 2.-3.b, Svala kennari í 4.-5.b, Ingibjörg stuðningsfulltrúi í 4.-5.b, Linda skólaliði, Sigríður skólaliði og Dögg fer í leyfi næsta árið,

Nú eru í auglýsingu störf skólaliða og rennur umsóknarfrestur út þann 5. júní.

Um leið og við bjóðum nýtt fólk velkomið í hópinn kveðjum við þá sem fara og þökkum þeim fyrir gott samstarf og vel unnin störf!



## Unicef - hreyfingin

Hin árlega söfnun okkar fyrir Unicef (Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna) fer fram 29. maí. Þeir nemendur sem það vilja safna áheitum og koma svo með söfnunarfé í skólann í þar til gerðum umslögum í síðustu vikunni fyrir sumarfrí. Nánari leiðbeiningar vegna þessa eru sendar heim með nemendum miðviku daginn 27. maí.

## Viðurkenningar skólanefndar

Þann 26. maí boðaði skólanefnd Akureyrarbæjar til samkomu í Menningarhúsinu Hofi, þar sem nemendum, kennurum og starfsmönnum við skóla Akureyrarbæjar voru veittar viðurkenningar. Þetta var í sjötta sinn sem skólanefnd stendur fyrir samkomu sem þessari en hún er í samræmi við áherslur í skólastefnu Akureyrarbæjar. Óskað var eftir tilnefningum um nemendur og starfsmenn eða verkefni sem talin voru til fyrirmyndar.

Að þessu sinni féllu tvær viðurkenningar í hlut Naustaskóla en það voru Íris Orradóttir nemandi í 7. bekk sem fékk viðurkenningu fyrir virkni í námi og félagsstörfum, og Ágúst Jakobsson skólastjóri sem fékk viðurkenningu fyrir upplýsingamiðlun í þágu skólasamfélagsins.

## Innkaup námsgagna

Skólinn mun sem fyrr annast innkaup á öllum námsgögnum fyrir nemendur fyrir haustið, nema því sem tilheyrir pennaveskjum nemenda í 6.-10. bekk. Við birtum nánari upplýsingar um þetta á heimasíðu skólans í sumar og í haust verður svo rukkað inn gjald fyrir námsgögnin. Líklegt er að gjaldið liggja nálægt 4500 kr. en það liggur ekki endanlega fyrir fyrir en tilboða hefur verið afluð..